

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Vesturbyggð.

Breyting á deiliskipulagi, Klif, snjóflóðavarnargarður.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum 12. desember 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Klif, snjóflóðavarnargarð. Breyting er gerð á skipulagsmörkum. Breytingartillagan var grenndarkynnt frá 8. október til 5. nóvember 2018. Engar athugasemdir bárust við auglýsinguna. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi hafnarsvæðis á Patreksfirði.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum 12. desember 2018 breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis á Patreksfirði. Breyting er gerð á skipulagsmörkum. Breytingartillagan var grenndarkynnt frá 8. október til 5. nóvember 2018. Engar athugasemdir bárust við auglýsinguna. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Patreksfirði, 24. október 2019.

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 4. nóvember 2019